




Farsóttufréttir

Fréttabréf sóttvarnalæknis

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Lekandi

Í [síðasta tölublaði Farsóttufrétta](#) í júní sl. var fjallað um aukningu á tilfellum lekanda á undanföllum árum. Þar kom fram að metfjöldi greininga hér á landi hafi verið á árinu 2022 eða tæp 160 tilfelli. Enn fleiri hafa greinst á árinu 2023 en á fyrstu 10 mánuðum ársins hafa tæplega 270 greinst með lekanda. Á milli áruna 2021 og 2022 var tæplega 50% aukning á tilfellum lekanda og á fyrstu 10 mánuðum ársins 2023 er 70% aukning miðað við árið 2022. Meirihluti þeirra sem greinast með lekanda eru karlar (Mynd 1). Ekki hefur orðið aukning á tilfellum klamydíu líkt og á lekanda.



Mynd 1. Árlegur fjöldi lekandatílla eftir kyni. *Súlan fyrir árið 2023 sýnir fjölda tilfella fyrstu 10 mánuði ársins.

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis Sóttvarnalæknir
Lekandi	1	Hildigunnur Anna Hall, ritstjóri	Katrínartúni 2
Sárasótt	2	Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir, ábm.	105 Reykjavík
Matarbornar hópsýkingar og matareitranir	3	Anna Margrét Guðmundsdóttir	S. 510 1900
Kláðamaur	4	Anna Margrét Halldórsdóttir	mottaka@landlaeknir.is
Vitundarvakning um sýklalyfjaónæmi	6	Ása St. Atladóttir	www.landlaeknir.is
Heimildir	8	Hólmfríður G. Pálsdóttir	
		Júlíana Héðinsdóttir	
		Kamilla S. Jósefsdóttir	
		Marianna Þórðardóttir	
		Tryggvi Hjörtur Oddsson	


Aukning á tilfellum lekanda árin 2022 og 2023 samanborið við árið 2019 og fyrr sést einnig á hinum Norður-löndunum og í mörgum löndum Evrópu. Á Írlandi hafa tilkynningar vegna klamydíu og lekanda aukist á árinu 2023 samanborið við sömu vikur ársins 2022.¹ Í Noregi var hlutfallsleg aukning á lekanda á árinu 2022 mest hjá ungum konum.² Heilt yfir í Evrópu er tíðnin þó mun hærrí hjá karlmönnum. Samkvæmt Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) var yfir helmingur lekandatílfella ársins 2021 í löndum ESB/EES meðal karlmanna sem stunda kynlíf með körlum (MSM) en sambærileg úttekt hefur ekki verið gerð fyrir undanfarin tvö ár.³

Ástæða fyrir þessari aukningu lekanda er ekki þekkt. Í ofanefndri skýrslu ECDC fyrir árið 2021 kom fram að aukning á greiningum lekanda í mörgum löndum er aðallega vegna aukins fjölda tífella hjá MSM, en fjöldi tífella meðal kvenna og gagnkynhneigðra karla jókst einnig á milli árána 2012 og 2019. Aukning meðal kvenna er áhyggjuefni vegna hættu á fylgikvillum lekanda m.t.t. barneigna síðar. Fjölgun greindra tífella MSM tengist hugsanlega aukinni áhættuhegðun með kynlífi án þess að nota smokk. Einnig kom fram að aukið aðgengi að prófum og fleiri sýnatökur hjá MSM geti skýrt aukningu í greiningum að hluta.³ Mikilvægt er að einstaklingar fari í próf fyrir kynsjúkdómum telji þeir sig geta hafa smitast. Mikilvægt er að fá meðferð við kynsjúkdómum til að koma í veg fyrir að smita aðra og til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar og fylgikvilla. [Lekandasmit](#) getur verið einkennalaust, sérstaklega hjá konum. Koma má í veg fyrir lekandasmit með notkun smokka við kynlíf.

Sárasótt

Sárasótt er sjúkdómur orsakaður af bakteríunni *Treponema pallidum* og er annaðhvort meðfæddur eða áunninn. Sýkingin berst helst á milli fólks með kynlífi, en sárasótt getur einnig smitast frá móður til fósturs (e. *congenital syphilis*).

Greind sárasóttartífelli hér á landi á fyrstu sjö mánuðum ársins 2023 voru jafn mörg og öll greind tífelli árið 2022, samtals 50 tífelli. Það stefnir því í að heildarfjöldi tífella af sárasótt á árinu 2023 verði sá hæsti síðan 2017 (Mynd 2). Karlmennt eru í meirihluta þeirra sem greinast hér á landi með sárasótt.



Mynd 2. Árlegur fjöldi sárasóttartífella eftir kyni. *Súlan fyrir árið 2023 sýnir fjölda tífella fyrstu sjö mánuði ársins 2023.

Samkvæmt upplýsingum frá ECDC varð aukning á sárasóttartilfellum í löndum ESB/EES árin 2012–2019. Fækkun varð á greiningum árið 2020 en greiningar jukust aftur árið 2021 og var fjöldi tilfella þá orðinn svipaður og árið 2019.⁴ Mögulega voru færri greiningar gerðar árið 2020 vegna heimsfaraldurs COVID-19. Þá kom einnig fram að tíðni sárasóttar á árinu 2021 var níu sinnum hærrí hjá körlum en konum og var meirihluti smita meðal karla sem stunda kynlíf með körlum. Tíðni sárasóttar var hæst hjá körlum 25–34 ára. Aukning á smitum í löndum ESB/EES hefur helst verið talin tengjast kynlífshegðun og auknum fjölda bólfélaga. Koma má í veg fyrir sárasóttarsmit við kynlíf með notkun smokka.

Matarbornar hópsýkingar og matareitranir

[Matarbornir sjúkdómar](#) er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar en muninn á þessu tvennu má útskýra á eftirfarandi hátt:

- *Matareitrun*: Neysla á matvælum sem innihalda eitrefni (*e. toxin*) sem örverur hafa myndað og losað. Örverurnar sjálfar valda ekki skaða eða einkennum. Einkenni koma fljótt (nokkrar klst.) og standa stutt (<1–2 daga). Smitast ekki milli manna.
- *Matarborin sýking*: Neysla á matvælum sem innihalda örverur (bakteríur, veirur, sníkjudýr) sem geta fjölgað sér og valdið sýkingu í meltingarvegi. Einkenni koma síðar fram (dagar) og standa lengur. Smitast milli manna.

Umfang matarborinna sjúkdóma er afar breytilegt, allt frá stöku tilfellum til stærri faraldra, sem geta breiðst út samtímis í mörgum löndum. Aukin milliríkjavíðskipti með matvæli valda aukinni útbreiðslu þeirra milli landa. ECDC og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og fleiri alþjóðlegar stofnanir [vakta matarborna sjúkdóma](#) í Evrópu og víðar, en með samvinnu á milli landa má greina og stöðva matarborna sjúkdóma fyrir. Algengasta orsök matartengdra hópsýkinga í Evrópu árin 2016–2021 var „óþekkt orsök“, en þar á eftir komu *Salmonella*, *Campylobakter*, bakteríutoxin (ótilgreint) og nóróveira. Vorið 2022 kom upp [Salmonella Typhimurium hópsýking](#) í Evrópu af völdum súkkulaðieggja, sem í kjölfarið voru tekið af markaði tímabundið. Haustið 2023 kom svo upp [Salmonella Enteritidis hópsýking](#) sem nær til fjölmargra Evrópulanda og virðist tengjast matvælum sem innihalda kjúkling. Enn er verið að rannsaka þennan atburð.

Matarbornir sjúkdómar geta leitt til alvarlegra veikinda þó þeir gangi oftast yfir á skömmum tíma. Dauðsföll af völdum matarborinna sýkinga í Evrópu árin 2016–2021 tengdust oftast *Listeria Monocytogenes* (40% dauðsfalla) en *Salmonella* kom þar næst (22%). *Listeria* er baktería sem finnst víða í náttúrunni og hjá fjölda dýrategunda en veldur nánast aldrei sjúkdómi hjá fullfrísku ungu fólki. Ákveðnir þættir auka mjög líkur á ífarandi sýkingu (blóðsýkingu, heilahimnubólgu) svo sem hár aldur, mikil áfengisneysla og ónæmisskerðing. Einnig getur *Listeriusmit* leitt til fósturláts eða nýburadauða. Helsta smitleið er með matvælum sem ýmist hafa verið menguð frá upphafi eða í framleiðsluferli, og þá helst mjúkir og ógerilsneyddir ostar, kaldreyktur eða grafinn lax og niðursneytt kjötálegg.

Á vef embættis landlæknis má sjá [yfirlit yfir matarbornar hópsýkingar hérlendis](#) síðustu ár. Síðustu tvö árin hafa hópsýkingar af völdum nóróveiru verið áberandi. Þessar hópsýkingar tóku til fleiri tuga einstaklinga í senn og voru ýmist tengdar máltíðum sem útbúnar voru af einstaklingum eða fyrirtækjum.



Nóróveirur er flokkur skyldra veira sem valda sýkingu í meltingarvegi. Algengustu einkennin eru uppköst og/eða niðurgangur sem fylgt geta kviðverkir, beinverkir, höfuðverkur og stundum vægur hiti. Sjúkdómurinn gengur í langflestum tilfellum yfir á einum til tveimur sólarhringum án nokkurrar meðferðar. Allir geta sýkst og oftast en einu sinni því ónæmi myndast ekki. Smitleiðir eru margar og getur veiran smitast beint manna á milli við snertingu og sem dropasmit. Önnur algeng smitleið er með matvælum og vatni. Smithætta er mest frá einstaklingum sem eru með einkenni sýkingarinnar en einnig er talið að smit geti borist skömmu áður en einkenni koma fram og í tvo daga eftir að bata er náð. Veiran getur einnig lifað lengi á yfirborði t.d. á snertiflötum eins og hurðarhúnum og smitast þannig úr umhverfi. Nóróveirur dreifast fljótt á milli manna í afmörkuðu rými t.d. á hjúkrunarheimilum, leikskólum, skólum og skemmtiferðaskipum. Til að fyrirbyggja smit skulu einstaklingar með einkenni um nóróveirusýkingu ekki elda eða framreiða mat fyrir aðra. Góður handþvottur er ávallt mikilvægur og árangursríkasta leiðin til að koma í veg fyrir smit. Ekki er hægt að bólusetja gegn nóróveirusýkingum. Sóttvarnalæknir hefur gefið út [rafrænan bækling](#) um hvernig draga má úr útbreiðslu nóróveirusmits.

Kláðamaur

Kláðamaur er lítill maur, undir 0,5 mm að stærð, sem getur borað sig inn í efstu húðlög mannshúðar og lifað þar og verpt eggjum sínum. Algengasta einkenni kláðamaurssmits er mikill kláði, sem er oft verri á nóttunni, og bólulík útbrot sem byrja um 4–6 vikum eftir smitun en mun fyrr (1–4 dögum) ef viðkomandi hefur smitast áður. Algengt er að útbrotin séu á milli fingra, á úlnliðum og innanverðum handleggjum, í holhöndum, á beltislínu, kynfærum og á lærum. Hjá ungum börnum geta útbrot verið útbreiddari og einnig verið í lófum, á iljum, ökklum og í hársverði. Kláðinn getur orðið til þess að hinn smitaði klórar sér til blóðs og þá geta myndast sár sem geta leitt til alvarlegra sýkinga.


Maurinn getur smitast frá smituðum einstaklingi við líkamlega snertingu (>10 mínútur) t.d. við samneyti á heimilum, svefn í sama rúmi, við kynlíf en einnig á barnaheimilum, hjúkrunarheimilum og stöðum þar sem margir eru saman komnir. Oftast eru ekki nema 10–15 maurar á hverjum smituðum einstaklingi. Meðferð felst í að bera Tenutex krem, sem selt er án lyfseðils í apótekum, á öll svæði líkamans, frá kjálkalínu og niður og hafa það á húðinni í 24 klst. (bæta kremi á hendur ef hendur eru þvegnaðar á meðan á meðferð stendur) og endurtaka þá meðferð að viku liðinni. Ef þessi meðferð er rétt framkvæmd drepur hún maurinn.

Í einstaka tilfellum hjá einstaklingum með veiklað ónæmiskerfi, einkum hjá öldruðum, getur kláðamaurssmit orðið að skorpukláðamaur (*e. Norwegian scabies*). Þá myndast þykkar húðskorpur sem innihalda mjög mikið af kláðamaur og eggjum og er því mun meira smitandi en hefðbundinn kláðamaur og getur smitast með snertingu við húð, fatnað, rúmföt og húsgögn hins smitaða. Fólk með skorpukláðamaur fær oft ekki hefðbundin einkenni kláðamaurssmits s.s. útbrot og kláða. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir skorpukláðamaur, staðfesta greiningu með smásjárýni og hefja öflugan meðferð strax með viðeigandi kremi og töflum (Ivermectin) til að fyrirbyggja að hópsýkingar kláðamaurs breiðist út.


Til að fyrirbyggja kláðamaurssmit:

- Forðast húð-við-húð snertingu við smitaðan einstakling, sérstaklega ef viðkomandi er með kláða og útbrot.
- Ef einn á heimili greinist með kláðamaur ætti að meðhöndla annað heimilisfólk samtímis til að fyrirbyggja hugsanlegt smit.
- Þvo rúmföt og fatnað sem hafa verið í snertingu við smitaðan einstakling við það hitastig sem efnið í viðkomandi fatnaði þolir og þurrka í þurrkara.
- Setja það sem ekki er hægt að þvo í plastpoka og geyma í viku, þá er allur hugsanlegur maur dauður.
- Þrifa og ryksuga herbergi þar sem smitaður einstaklingur hefur dvalið ef um skorpukláðamaur var að ræða.

Kláðamaur er skráningarskyldur sjúkdómur skv. lögum. Með skráningarskyldu er átt við skyldu t.d. lækna til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar um sjúkdóminn. Við greiningu skráir læknir sem greinir smitið ICD-10 kóða í sjúkraskrárkerfi og þannig kemst skráning til skila. Mikilvægt er að sinna þeirri skráningu svo hægt sé að fylgjast með hvort aukin tíðni sé á smitum í samfélaginu. Fjöldi greindra kláðamaurstílfella á árinu 2023 hefur verið aðeins yfir meðaltali undafarinna fimm ára (Mynd 3). Þá greindust flest tilfelli kláðamaurs á árinu 2023 í aldurshópnum 15–24 ára (Mynd 4).



Mynd 3. Mánaðarlegur fjöldi greindra kláðamaurstílfella á árinu 2023 (janúar–október) samanborið við meðalfjölda tilfella árána 2018–2022.



Mynd 4. Aldursdreifing kláðamaurstilfella ársins 2023 (janúar–október).

Vitundarvakning um sýklalyfjaónæmi

Ár hvert er dagurinn 18. nóvember sérstaklega helgaður vitundarvakningu um sýklalyfjaónæmi hjá ECDC. Sama dag hefst vitundarvika á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Tilgangurinn er að minna almenning, stjórnvöld, heilbrigðisstarfsfólk og aðra á þá ógn sem stafar af útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería í heiminum.

Fimmtudaginn 16. nóvember sl. var haldið [málþing](#) á vegum sóttvarnalæknis í tilefni þessarar árlegu vitundarvakningar. Margt áhugavert kom fram í erindum og umræðum en upptaka af málþinginu er aðgengileg á [vef embættisins](#). Fundargestir voru sammála um mikilvægi þess að hnitmiðuð og fjármögnuð landsáætlun um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi verði lögð fram sem fyrst.

Mikilvægt er að styrkja þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi. Fyrir tæpu ári var skipaður [starfshópur](#) um aðgerðir hérlendis en verkefnið er unnið í samstarfi heilbrigðis-, matvæla- og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis. Starfshópurinn hefur það hlutverk að móta framtíðarsýn í málaflokknum til næstu tíu ára, aðgerðaáætlun til næstu fimm ára auk þess að vinna að vitundarvakningu í samfélaginu.

Orsakir sýklalyfjaónæmis eru margvíslegar en óvarleg notkun sýklalyfja hjá bæði fólki og dýrum er ein sú mikilvægasta. Íslendingar nota meira af sýklalyfjum en aðrar Norðurlandþjóðir. Heildarsala sýklalyfja fyrir fólk á Íslandi jókst árið 2022 miðað við árin 2020 og 2021 en tímabundið dró úr tíðni annarra sýkinga en COVID-19 meðan á faraldrinum stóð, m.a. tengt víðtækum sóttvarnaaðgerðum.⁵ Sama þróun sást í öðrum Evrópulöndum samkvæmt nýrri grein frá ECDC.⁶

Á Íslandi er sýklalyfjanotkun einna mest hjá elstu aldurshópnum og eru þar sýklalyf notuð við þvagfærasýkingum fyrirferðarmikil. Mikilvægt er að stuðla að vönduðu verklagi við greiningu og meðferð þvagfærasýkinga hjá eldra fólki en nýlega voru gefnar út leiðbeiningar í því skyni.⁷

Það er mikilvægt að styrkja sýklalyfjagæslu hérlandis, ekki síst á sjúkrahúsum. Sýklalyfjagæsla er teymisvinna sem krefst aðkomu margra fagstétta en tilgangur sýklalyfjagæslu er að hagræða sýklalyfjameðferð svo að árangur verði sem mestur en neikvæðar afleiðingar sem minnstar. Öflug sýklalyfjagæsla getur dregið úr sýklalyfjaónæmi, fækkað aukaverkunum, lækkað dánartíðni og dregið úr kostnaði.

Ónæmir sýklar virða engin landamæri og hefur sýklalyfjaónæmi verið nefnt hinn þögli heimsfaraldur (e. *silent pandemic*). Fyrir á þessu ári samþykkti ráð Evrópusambandsins tilmæli sem miða að því að efla aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi á sviði Einnar heilsu (e. *One Health*).⁸ Einnig voru sett fram sérstök markmið fyrir lönd ESB varðandi sýklalyfjanotkun og -ónæmi fyrir árið 2030 (Mynd 5).

Hugtakið Ein Heilsa á vel við sýklalyfjaónæmi því ónæmir sýklar geta borist milli manna, dýra, matvæla og umhverfis. Notkun sýklalyfja fyrir dýr og algengi ónæmra sýkla hefur verið lágt á Íslandi samanborið við önnur Evrópulönd. Almennt hefur sala sýklalyfja fyrir dýr dregist saman hérlandis síðustu ár.



Mynd 5. Sérstök markmið fyrir lönd ESB varðandi sýklalyfjanotkun og -ónæmi fyrir árið 2030 en árið 2019 er notað sem viðmið.

Heimildir

1. [Increased STI notifications in Ireland since the COVID-19 pandemic](#). *Health Protection Surveillance Centre*. Apríl 2023.
2. [Bekymringsfull økning i gonoré](#). *Folkehelseinstituttet*. Febrúar 2023.
3. [Gonorrhoea - Annual Epidemiological Report for 2021](#). *European Centre for Disease Prevention and Control*. Desember 2023.
4. [Syphilis - Annual Epidemiological Report 2021](#). *European Centre for Disease Prevention and Control*. Október 2023.
5. Anna Margrét Halldórsdóttir (ritstj.) [Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería hjá mönnum og dýrum á Íslandi 2022. Skýrsla unnin í samstarfi við Lyfjastofnun, Landspítala og Matvælastofnun](#). *Embætti landlæknis*. September 2023.
6. Ventura-Gabarró Cèlia, Leung Vivian H, Vlahović-Palčevski Vera, Machowska Anna, Monnet Dominique L, Högberg Liselotte Diaz, ESAC-Net study group. [Rebound in community antibiotic consumption after the observed decrease during the COVID-19 pandemic, EU/EEA, 2022](#). *Eurosurveillance*. Nóvember 2023.
7. Anna Margrét Halldórsdóttir, Már Egilsson og Ólafur Helgi Samúelsson. [Leiðbeiningar: Þvagfærasýkingar hjá eldra fólki utan sjúkrahúsa](#). *Embætti landlæknis*. Október 2023.
8. [Council Recommendation on stepping up EU actions to combat antimicrobial resistance in a One Health approach](#). *European Commission*. Júní 2023.